

Starfsreglur úthlutunarnefndar SSNE

Í 15. gr. samþykktá SSNE er kveðið á um úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs. Ársþing SSNE skipar, samkvæmt tillögu stjórnar, þrjá fulltrúa í nefndina, þar af einn sem formann. Í úthlutunarnefnd sitja jafnframt formenn þeirra fagráða sem skipuð eru skv. 1. mgr. 16. gr. samþykktá SSNE. Þá skipar ársþing SSNE einnig, samkvæmt tillögu stjórnar, þrjá varamenn. Gæta skal að sem jöfnustum hlut kynja við skipan úthlutunarnefndar.

1. Verkefni og hlutverk úthlutunarnefndar uppbyggingarsjóðs

Hlutverk úthlutunarnefndar og helsta verkefni er yfirferð umsókna um styrki til uppbyggingarsjóðs og að velja þau verkefni, á grundvelli faglegs mats, sem styrkt verða í samræmi við sóknaráætlun Norðurlands eystra. Við úthlutun styrkja skal gæta jafnræðis, hlutlægni, gagnsæis og samkeppnissjónarmiða. Nefndin má koma með tillögur að sértækum eða tímabundnum áherslum Uppbyggingarsjóðs í samráði við viðkomandi fagráð. Úthlutunarnefndin skal gæta þess í störfum sínum að vinna í samræmi við gildandi sóknaráætlun landshlutans, verklagsreglur Uppbyggingarsjóðs og kappkosta að hafa faglega heildarsýn að leiðarljósi.

2. Hæfi og óhæði nefndarmanna

Við skipan í nefndina skal tryggð sem breiðust aðkoma sveitarstjórna, stofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í landshlutanum. Gæta skal lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða.

3. Hámarks skipunartími

Nefndarmenn eru skipaðir af ársþingi samkvæmt tillögu stjórnar, til tveggja ára í senn. Að jafnaði skal sami einstaklingur ekki sitja lengur en þrjú skipunartímabil samfellt. Þó skal tryggt að ávallt séu þrír í nefndinni sem setið hafa þar áður.

4. Hlutverk formanns

Formaður úthlutunarnefndar kemur fram fyrir hönd hennar, þ.á.m. gagnvart stjórn SSNE, fagráðum og framkvæmdastjóra.

Formaður ber meginábyrgð á verklagi nefndarinnar og skal sjá til þess að hún fái sinnt hlutverki sínu með virkum hætti og að nefndarmenn séu upplýstir um þau mál sem til umfjöllunar eru hjá nefndinni á hverjum tíma.

Formaður tekur ákvörðun um fjölda og tímasetningu funda nefndarinnar og skulu þeir vera í samræmi við starfsáætlun. Formaður ber jafnframt ábyrgð á að útgjöld SSNE vegna vinnu nefndarinnar sé í samræmi við fjárhagsáætlun.

Formaður stýrir úthlutunarfundum og gerir dagskrá funda. Hann skal jafnframt upplýsa stjórnarformann og framkvæmdastjóra SSNE um fyrirhuguð störf nefndarinnar.

Formaður úthlutunarnefndar skal tryggja að á fundum hennar sé nægilegur tími gefinn til umræðna og ákvarðanatöku, sérstaklega hvað varðar stærri og flóknari mál.

Formaður úthlutunarnefndar þarf að gæta þess að allir nefndarmenn fái sömu upplýsingar.

5. Undirbúningur, boðun, dagskrá og framkvæmd funda

Boða skal til fyrsta fundar nýskipaðrar úthlutunarnefndar svo fljótt sem kostur er, þó eigi síðar en einum mánuði frá skipun nefndarinnar. Hún getur kosið ritara úr sínum hópi eða falið starfsmanni ritun fundargerða.

Formaður, eða verkefnastjóri hjá SSNE í umboði hans, boðar til fundar og skal fundarboð berast nefndarmönnum ekki síðar en tveimur sólarhringum fyrir fund. Fundarboði skal fylgja dagskrá fundar og þau gögn sem nauðsynleg teljast til þess að nefndin geti tekið upplýsta afstöðu til mála sem eru á dagskrá fundar.

Fundir úthlutunarnefndar eru að jafnaði haldnir með rafrænum hætti.

Formaður nefndarinnar hefur í einstaka tilvikum heimild til að boða til skyndifundar með skemmri fyrirvara en starfsreglurnar kveða á um, enda sé það mat hans að málefni sem ræða skal á fundinum þoli ekki bið. Með samþykki úthlutunarnefndar er formanni heimilt að boða ólaunaða fundi til viðbótar skipulögðum fundum. Minniháttar ákvarðanir sem snúa að umsóknum eða samningum má afgreiða með rafrænum hætti. Skulu þessar ákvarðanir færðar til bókar á næsta reglubundna fundi úthlutunarnefndar.

Nefndarmaður á rétt á að láta færa í fundargerð bókun er varðar afstöðu hans til afgreiðslu mála.

6. Ályktunarhæfi

Til að Úthlutunarnefndin sé bær til að taka ákvarðanir þurfa allir nefndarmenn að hafa fengið fundarboð í samræmi við ákvæði hér að framan og að meirihluti nefndarinnar sé mættur.

Einfaldan meirihluta þarf til staðfestingar á ákvörðunum úthlutunarnefndar, svo sem úthlutunartillögu og afgreiðslu á beiðnum um fresti eða breytingar á verkefnum. Séu atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

7. Vanhæfi og hagsmunaárekstrar

Vísað er til 20. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um vanhæfisástæður.

Nefndarmenn eiga sjálfir að koma í veg fyrir að málefni þeirra, hvort heldur persónuleg eða viðskiptatengd, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli þeirra og SSNE.

Formaður nefndarinnar skal upplýsa stjórn SSNE ef mögulegur hagsmunaárekstur kann að vera til staðar í tengslum við menn og málefni er tengjast umfjöllun og starfsemi nefndarinnar.

8. Fundargerðir

Umfjöllunarefni og ákvarðanir nefndarinnar skulu færðar í fundargerðir. Úthlutanir og upplýsingar um styrkþega skulu birtar á vefsíðu SSNE og annað efni í samráði við framkvæmdarstjóra og stjórn SSNE.

Upplýsingar um umsóknir sem ekki hlutu styrk skulu ekki birtar opinberlega. Fundargerð er eftir atvikum borin upp til samþykktar og undirritunar í lok hvers fundar eða send fulltrúum með rafrænum hætti næsta dag til samþykktar. Nefndarmaður skal bregðast við með samþykki eða athugasemdum innan tveggja sólarhringa nema annað sé ákveðið. Hafi svar ekki borist að þeim tíma liðnum telst fundargerð samþykkt af viðkomandi nefndarmanni.

9. Upplýsingagjöf til stjórnar og/eða þinga SSNE

Úthlutunarnefnd skal semja starfsáætlun sína fyrir komandi starfsár þar sem kveðið skal á um dag- og tímasetningar reglulegra funda og dagskrá þeirra. Starfsáætlun úthlutunarnefndar skal vera í samræmi við auglýstan umsóknarfrest Uppbyggingarsjóðs og samþykkt af stjórn SSNE. Jafnframt skal nefndin upplýsa stjórn SSNE um framvindu starfs- og fjárhagsáætlunar nefndarinnar.

Niðurstöður nefndarinnar að úthlutun úr Uppbyggingarsjóði skulu lagðar fram til staðfestingar á stjórnarfundi SSNE. Þar skal jafnframt gerð grein fyrir starfi nefndarinnar og verklagi.

Samþykktar fundargerðir úthlutunarnefndar skulu berast til stjórnar og framkvæmdastjóra SSNE.

10. Samskipti við starfsmenn og stjórnarmenn SSNE

Á fundum úthlutunarnefndar sitja verkefnisstjórar SSNE sem vinna við umsýslu sjóðsins. Þeim má einnig fela fundarritun sbr. 5.gr.

11. Trúnaður

Þagmælsku skal gætt innan úthlutunarnefndar og óheimilt er að greina frá þeim atriðum sem leynt skulu fara.

Samþykkt á ársþingi SSNE 16. apríl 2021.

Með breytingum samþykktum af stjórn 7. september 2022